

Minning:

Erlendur Jóhannsson, húsgagnasmiður

Fæddur 19. desember 1908
Dáinn 27. október 1990

Góður og vammlaus maður er genginn. Vinur foreldra minna, okkar systkinanna og fjölskyldna okkar.

Hann réðst til starfa á húsgagnavinnustofu föður míns, Kristjáns Siggeirssonar, árið 1938 og vann óslitið hjá fyrirtækinu í um 40 ár eða þar til heilsan leyfði ekki lengri starfsdag.

Betra fólk en Erlend og Ástu er vart hægt að hugsa sér. Þar ríkti gagnkvæm vinátta og öllum leið vel í þeirra návist. Nú að leiðarloku leitar hugurinn til baka til okkar kynna. Hugurinn fyllist þakklæti fyrir að hafa fengið að eiga sameið með svo vönduðum manni bæði til orðs og æðis, og að hafa átt hann að nokkru sem læriföður í húsgagnasmiðinni.

Erlendur fæddist í Stykkishólmi hinn 15. desember árið 1908, yngstur 8 systkina. Hann fluttist síðar til Reykjavíkur og hóf nám í húsgagnasmiði alþingishátíðarárið 1930 hjá húsgagnavinnustofu Gunnars Stefánssonar á Laugavegi 60 hér í Reykjavík. Erlendur lauk síðan sveinsprófi í húsgagnasmiði hjá Þorsteini Sigurðssyni húsgagnasmiðameistara árið 1934, en hann var til húsa á Grettisgötu 13. Upp frá því var húsgagnasmiði hans starfsvetvangur. Hann stundaði hana öllum er með honum störfuðu til fyrimyndar þar til hann lét af störfum sökum heilsuþrestra.

Þegar ég var í húsgagnasmiðanám á verkstæði föður míns á árunum 1944-1948 kynntist ég vel hvern mann Erlendur hafði að geyma, hvortveggja sem samstarfsmaður og að nokkru leyti sem lærifaðir í húsgagnasmiði. Þar var fagmennskan í fyrirrúmi, þar sem saman fór verklagni, frábær fagmennska og mikil afköst. Allt unnið í kyrrþey, ekki asinn eða lætin, heldur örugg handtök.

Ef hugleitt er hvernig þetta fag, húsgagnasmiðin, hefur þróast í tíðans rás, þá hefur það orðið fyrir tilstilli og þátttöku manna eins og Erlendar Jóhannssonar. Hún hefur orðið að fastri og uppbyggjandi framleiðslugrein hér á landi. Það er slíkur mönnum að þakka sá árangur sem náðst hefur í iðnvæðingu okkar Íslendinga og þeirri iðngrein sem hann helgaði alla sína starfsævi.

Fyrir utan starfið var það skátahreyfingin og hugsjónir hennar sem átti stóran þátt í lífi hans að ógleymdum sumarbústaðnum við Elliðavatn. Þar áttu þau sælureit, þar sem þeim leið vel. Við honum tók Höskuldur sonur hans og hans fjölskylda, sem hefur endurbætt hann allan, en það gladdi Erlend mjög að sjá það starf hans verða til áframhaldandi ánægju og gleði innan fjölskyldunnar.

Í mínum huga var Erlendur ímynd skátahreyfingarinnar með

hennar göfugu hugsjónum um hjálpssemi og þjónustu. Í þeirri mynd var hann fyrimynd ungra manna að öllu leyti, fyrst þú, svo hann sjálfur. Það er ekki lítils virði a hafa fengið að verða samferða slíkum mannkostamanni, sem var ávallt reiðubúinn, sama hvort var heima eða heiman. Þar voru þau hjón Ásta og Erlendur samstíga í hugsjóninni og skátahreyfingunni.

Erlendur kvæntist hinn 14. júlí árið 1934, sama árið og hann lauk námi í húsgagnasmiði, Ástu Þorgrímsdóttur, mikilli mannkostakonu. Ásta var fædd hinn 3. febrúar árið 1909 og lést hinn 1. maí árið 1981. Ásta og Erlendur eignuðust 3 mannvænlega syni. Jóhann fæddan 17. maí árið 1940, flugvirkja. Jóhann hefur dvalist mestan hluta starfsferils síns í Bandaríkjunum og er nú búsettur í El Pasa í Texas. Hann er giftur þarlendri konu. Jóhann hefur eignast 3 börn, eina dóttur og son hér heima í sínu fyrra hjónabandi og dóttur í Bandaríkjunum. Næstelstur er Höskuldur, fæddur 6. júlí árið 1943, húsgagnasmiður, en hefur um árabil starfað við Tollgæsluna í Reykjavík. Hann er kvæntur Ástu Kröyer og eiga þau 2 syni, Hilmar, fæddan árið 1976 og Erlend, fæddan árið 1980, myndarpiltar báðir. Yngstur var Kjartan, fæddur árið 1948, vélstjóri ókvæntur og barnlaus. Kjartan stundaði að mestu sitt fag til sjós. Hann druknaði í sjóslysi hér á sundunum hinn 28. október árið 1983.

Þetta var góð fjölskylda og miklir vinir okkar allra. Heimili þeirra endurspegladi húsráðendur með alla reglusemi og snyrtimennsku. Það fór ekki framhjá neinum sem þangað kom, að mikil rækt var lögð við skátastarfið. Það var fróðlegt að heyra Erlend lýsa öllum þeim minjagripum sem þau áttu og höfðu svo fagurlega safnað saman og endurbætt.

Eftir lát Ástu bjó Erlendur einn í íbúð þeirra á Kleppsvægi 6. Ekki var þó hægt að segja að hann væri einn, því að einstök var sú umhyggja sem Höskuldur sýndi föður sínum, og þá ekki síður eiginkona hans Ásta, tengdadóttirin, sem allt vildi fyrir hann gera til að létta honum ævivöldið. Með þeirra hjálp og umhyggju gat hann til hinstu stundar búið á því heimimlí sem Ásta eiginkona hans og hann höfðu skapað svo fagurlega. Þar leið honum best innan um minningar liðinna ára.

Góður og vammlaus maður er genginn. Við sem kynntumst honum erum þakklát fyrir samfylgdina. Innilegar samúðarkveðjur eru fluttar aðstandendum öllum. Blessuð sé minning Erlendar Jóhannssonar.

Hjalti Geir Kristjánsson

„Eldar kulna, allt er hljótt,
eymir þó í glóðum,
er sem steymi ylor frá
öllum vinum göðum.“

(J.O.J.)

Ævidegi Ella er lokið, en ávallt mun í huga gamalla skáta, sem minnast hans, hljóma þessi gamla skátavísa. Það er staðreynd, að eldar okkar kulna, það verður hljótt í kringum okkur, það fýkur í sporin okkar, en skátaylurinn er samur við sig. Hann hittir fyrir gömlu vinina, skátaylurinn frá gömlu glóðinni hittir í mark og umlykur gömlu vinina.

Erlendur og Ásta, ætíð kölluð Ásta og Elli, voru fyrstu skátarnir, sem ég kynntist í Reykjavík. Það var árið 1936, en á næsta ári eru 10 ár síðan Ásta lést.

Ég komst fljótt að raun um, að þeirra skátanöfn og skátaferill voru ekki bara orðin tóm. Þar var hugsjón á bak við, þetta var þeirra hjartans mál, kjarni hins daglega lífs.

Það komu oft skátavinir á heimili þeirra á kvöldin, og var þá mikið rætt um skátamál — útílegur — skátapróf — leit að týndu fólki — blóðgjafir — þá var enginn blóðbanki hér. Skátar fóru á sjúkrahús, og blóð var gefið beint í blóðþegann.

Það var mikið rætt um að gefa — leita — hjálpa — það lá eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Allt skátastarfið miðaði að því að þroska sig, æfa sig svo hægt væri að hjálpa bæði sjálfum sér og öðrum. Og útivistin stælti og örvaði — alltaf gerðist eitthvað skemmtilegt, oft var hlegið hjartanlega. Já, skátalífið var dýrlegt líf. Ásta og Elli voru miklir skátar og kröfuhörð, þar var ekki hægt að kasta höndunum til neins í skátastarfi — heilt og strangheildarlegt skyldi það vera.

Þau áttu bæði erfitt með að til-einka sér breytingar með nýjum viðhorfum og nýjum síðum, enda var Elli búinn að draga sig í hlé á margan hátt, en skátakjarninn átti hann óspiltan, hann var alltaf sami gamli, góði skátinn. Hann lifði fyrir litlu vinina sína, eins og hann sagði, og ljómaði allur, þegar hann talaði um þá sonarsynina sína.

Ög nú er Elli kominn heim. Um ókomin ár, eða á meðan við vinir hans dveljum hérna megin grafar, mun yfir vinátta hans streyma til okkar, og minna okkur á skátaheit. Slík er skátavinátta.

Við sem ennþá erum hér, þökkum honum samfylgdina, og allar góðar stundir, og allt hið góða, sem honum auðnaðist að fá gert á skátaferli sínum. Hann gekk ætíð heilshugar til starfa, hvort sem það var að leiðbeina ungum skátum að huga að skátaferli sínum eða að negla fyrir glugga, þar sem rúða hafði brotnað. Allt skyldi vera vel gert og til sóma. Við skátavinir óskum Ella góðrar heimkomu og þökkum honum árin, sem við áttum sameið. Ástvinum hans vottum við innilega samúð.

Með skátakveðju,
Hrefna Tynes.

Ekki tjóar að deila við skapanornir, þótt æskufélagi og vinur kveði þá orðið er kvöldsett.

Árið 1907 fluttust hjónin Anna Sigurðardóttir og Jóhann Erlendsson til Stykkishólms og þá frá Ólafsvík, þar sem þau höfðu búið frá því fyrir aldamót, en áður í Dal í Miklaholtshreppi, — bæði voru þau snæfellskra ætta.

Anna var dóttir Oddfríðar Jónsdóttur og Sigurðar Jónssonar, búenda á Kálfárvöllum í Staðarsveit.



Sæmundur á Elliða, faðir Jóhanns lækis og þeirra systkina, var bróðir Önnu. Oddfríður ólst upp hjá prestshjónunum á Helgafelli, séra Jóni Guðmundssyni og Önnu Guðmundsdóttur. Eftir að hún missti Sigurð bónda sinn giftist hún Jóni Árnasyni borgara í Ólafsvík, og með þeim var Anna uns hún fluttist að Miðhrauni í Miklaholtshreppi, en þar var hún í tíu ár. Föðurfórelrar Önnu voru Jón Sigurðsson, hreppstjóri á Hólkoti í Staðarsveit, og kona hans Vigdís Jónsdóttir.

Jóhann var einnig sunnanfjallamaður, sonur Erlendar Jónssonar og Ingibjargar Hreggviðsdóttur, búenda á Fáskrúðarbakka. En Jóhann fór ungur í fóstur að Miðhrauni til hjónanna Þóru Þórardóttur og Þórðar Hreggviðssonar. Frá Miðhrauni giftust þau föstursystkinin, Anna og Jóhann, og byrjuðu búskap í Dal.

Þegar þau settust að í Stykkishólmi höfðu þau eignast sex börn, fimm syni og eina dóttur, en þar auðnaðist þeim einn sonur í viðbót, en það var Erlendur, sem kvaddur er í dag. Anna og Jóhann voru ötul og vel samhent við að sjá barnahóp sínum farborða, en með láti Erlendar er hann allur genginn. Öll voru þau systkini myndar- og dugandisfólk við margvísleg störf. Jóhann hafði lært söðlasmiði og stundaði þá iðn í Stykkishólmi, ásamt smáverslun nokkurn tíma, jafnframt því sem hann hafði ávallt nokkrar skepnur. Miðað við það algenga í Hólminum framan af öldinni mátti telja, að Anna og Jóhann kæmust vel af.

Bræðurnir Torfi og Erlendur urðu æskufélagar mínir, þótt ég væri þeim nokkru yngri. Og eftir að við vorum allir fluttir suður slitnaði ekki samband okkar nema síður væri. Við Erlendur áttum eftir að vera í sambýli í fjögur ár ókvæntir, svo að kynni mín af honum urðu nán. Fór allar stundir vel á með okkur, enda var hann stakur reglumaður, jafnlyndur og háttþrúður í öllu viðmóti og vildi í engu láta standa upp á sig, þar sem hann kom nærri.

Erlendur hafði flust til Reykjavíkur 1928 og tók þá að nema húsgagnasmiði, en það var í úthall alþingishátíðarsumars 1930 að við urðum sambýlismenn. Hann hafði skamman tíma verið í Reykjavík þegar hann gerðist skáti og hélt óslitin tryggt við þann félagsskap til hinstu stundar. Meðal stofnenda Kvenskátafélags Reykjavíkur var Ásta Þorgrímsdóttir. Með henni og Erlendi tókust kynni og hrökk brátt sem af tinnu neisti á milli þeirra og varð af varðeldur, sem entist lengi og vel. Ásta var Reykjavíkurbarn á líkum aldri og Erlendur, dóttir Sigurbjargar Illugadóttur og Þorgríms Jónssonar, er lengi bjuggu á Laugavegi 151. Ásta hafði verið í Kvenskátanum, lærði síðan hatta- og skermagerð og starfaði við á iðn þangað til Erlendur og hún settu saman bú um mitt sumar 1934. Hann hafði þá nýverið lokið sveinsprófi í sinni iðn hjá Þorsteini Sigurðssyni á Grettisgötu 13, sem hann sagði strangan kennara, en valinn húsbónda og raungóðan mann.

Ásta og Erlendur byrjuðu búskap

á Öldugötu 16 og bjuggu þar í 12 ár. Hjá þeim var lengi eftirsóknarverður gríðastaður ungs fólks, sem allt var skátar, að mér undanskildum. Góðgerðir voru ekki skornar við nögl. Margt var sér til gamans gert, en á öllu var skátabragur. Húsbændurnir voru motor primus þessara gestabóða, en minningar frá þeim orna vafalaust fleirum en mér, þótt langt sé um liðið.

Vinátta við Ástu og Erlend depraðist ekki, þótt leiðir skildu, því að ætíð voru gagnvegir milli þeirra og okkar Helgu. Þau fylgdust því vel með okkur og við með þeim, svo að segja mátti að það sem andstætt var kæmi við okkur öll og jafnframt hið gagnstæða, eða þegar hyltti undir gleðigjafa í amstrinu. Meðal eftirtekta verðra eiginda Ástu og Erlendar var hversu vel þeim var ótamt að láta andstreymin smækka sig.

Erlendur stundaði ætíð húsgagnasmiði eftir að hafa lokið námi í þeirri grein og þótti hafa vöndurhafni, enda sá á, að honum var ekki í kot vísað með störf, því að hann iðjaði nær því alla ævi á sama stað, eða hjá hinu kunna fyrirtæki Kristjáns Sigurgeirssonar. Hann kvað oft fast að orði, hversu kærir honum væru húsbændurnir, og hefur það vafalaust verið á báða bóga.

Ásta og Erlendur eignuðust þrjá syni. Elstur er Jóhann flugvéla-virki, búsettur í Bandaríkjunum með sambýliskonu sinni, Corinne M. Van, Berg. Börn hans eru þrjú, tvö hérlandis, en eitt vestrá. Höskuldur er annar sonurinn, lærður húsgagnasmiður, en vinnur hjá tollstjóraembættinu. Kona hans er Ásta Kröyer og eiga þau tvo syni. Yngsti sonur Ástu og Erlendar var Kjartan, lærður frá Vélaskóla Íslands, og var lengi á skipum Eimskipafélagsins, en síðast á skipinu Sandey, og með því fórst hann á sundunum í nánd við Reykjavík 28. október 1983.

Ásta og Erlendur sýndu best hvert manntak var í þeim, þá er þau þurftu samtímis að lúta bilaðri heilsu. Ásta veiktist 1975, eftir að hafa unnið nokkur ár hjá Ríkisútgáfu námsbóka. Prautagöngu hennar linnti ekki fyrr en 1981, hún lést þá 1. maí. Erlendur veiktist 1973, þá 65 ára, og var óvinnufær upp frá því. Honum var ótamt að fást um mikla raun, enda þólgður og bjartsýnn að eðlisfari.

Þá er fundum okkar bar saman duldist ekki að honum var hugleikið að rífa upp minningar frá æskustöðvunum og reyndar einnig frá veru sinni hér syðra, er þá í senn tengdust mönnum sem atvikum. Jafnan þegar við Erlendur hittumst var honum efst í huga þakklæti til Höskuldar, konu hans og drengjanna fyrir elskusemi við sig seint og snemma. Nærgegni úr þeirri átt fór ekki fram hjá mér né öðrum sem til þekktu.

Samfylgd sem varað hefur í rök 70 ár er lokið, en margt er það sem þá leitar eins og óboðið utan af jaðarsvæðum vitundarinnar og minnir á, að fátt er mætar en ævilöng óbrögðul, þelhly vinátta. Slík gjöf er meira en þakkarverð í hördum heimi.

Lúdvík Kristjánsson

Erlendar Jóhannssonar verður ávallt minnst hjá Skátafélagi Hraunbúa í Hafnarfirði með mikilli virðingu og þökk. Þegar skátafélagið var endurreist eftir allmikla lægð árið 1937 var það einmitt Erlendur sem þá tók við félaginu. Skátaferill hans hófst 1929 og Hraunbúar nutu góðs af reynslu hans og mannkostum þegar hann tók við stjórnar- taumum í félaginu. Í apríl sl. birtist viðtal við Erlend í blaði félagsins, Hraunbúanum. Þar rifjar Erlendur upp þann tíma sem hann starfaði með hafnfirskum skátum. „Við vorum ekki margir í þá daga en ég lagði kapp á að hjálpa þessum drengjum að verða eins fullkomnir skátar og frekast var unnt. Við reyndum að starfa eins vel og við gátum og drengirnir voru afskaplega duglegir.“ Í viðtalinu kemur víða fram viðhorf hans til æskunnar og trú hans á mikilvægi skátastarfsins til þess að koma unglingnum til nokkurs þroska. Hann minnir

Stúdentaráð HÍ:

Efnt til ljóðasamkeppni nemenda

STÚDENTARÁÐ Háskóla Íslands hefur efnt til ljóðasamkeppni meðal nemenda Háskólans, og hafa allir nemendur sem skráðir eru í HÍ rétt til þátttöku. Verðlaun verða veitt fyrir besta ljóðið að mati dómnefndar, en jafnframt mun dómnefndin velja að minnsta kosti tuttugu önnur ljóð, sem SHÍ áskilur sér rétt til að birta í bók sem gefin verður út í tengslum við samkeppnina

Verðlaun í samkeppninni eru ferðavinningur á vegum Ferðaskrifstofu stúdenta að upphæð 40 þúsund krónur, sem veittur verður fyrir besta ljóðið að mati dómnefndar, en auk þess verða veitt 2.550 kr. ritlaun fyrir hvert ljóð

sem birtist í bókinni. Henni verður dreift til allra stúdenta HÍ, auk þess sem hún verður seld á almennum markaði. Útgáfudagur bókarinnar er 1. febrúar 1991, en þá munu úrslit verða kynnt. Skilafrestur í samkeppninni er til 1.

desember. Handritum ber að skila til skrifstofu SHÍ í lokuðu umslagi merktu dulnefni, en nafn og heimilisfang skal fylgja með í lokuðu ógegnseju umslagi merktu sama dulnefni og handrit.

Dómnefnd í ljóðasamkeppni SHÍ skipa Matthías Johannessen, ritstjóri og rithöfundur, Sigurður Pálsson, rithöfundur og háskólakennari og Steinunn Sigurðardóttir, rithöfundur.